



Fjölgun starfa frá 2010 að mestu leyti í ferðapjónustu

Einkennandi atvinnugreinar ferðapjónustu

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands um einkennandi atvinnugreinar í ferðapjónustu fjölgaði starfsfólki í þessum greinum um rúmlega 16 þúsund frá árinu 2010 til 2018 sé tekið mið af meðaltölum árána. Mest var fjölgunin í rekstri gististaða og veitingasölu og -þjónustu.

Nokkur fækkun starfsfólks var í greininni milli 2008 og 2009 en svo mikil og stöðug fjölgun allt fram til ársins 2018. Meðalfjölgun á ári á öllu tímabilinu var 8,7% og frá árinu 2010 fram til 2018 var meðalfjölgunin á ári 11,6%.


Sé litið á fyrstu þrjá mánuði ársins 2018 og 2019 fækkaði um u.þ.b. 630 í þessum greinum, fyrst og fremst í rekstri gististaða. WOW air var enn í rekstri fyrstu þrjá mánuði ársins 2019 þannig að áhrifa gjaldþrots félagsins gætir ekki í þessum tölum.

Þróun starfa í hagkerfinu öllu

Samkvæmt tölum Hagstofunnar um fjölda starfsfólks á vinnumarkaði hér á landi fjölgaði starfsfólki um rúm 40 þúsund frá 2010-2018. Ferðapjónustan skapaði því fjögur af hverjum tíu störfum sem urðu til á þessum 8 árum.


Sé litið á þær greinar þar sem fjölgun starfsfólks var mest kemur ekki á óvart að margar þeirra tengjast ferðapjónustu. Mesta fjölgunin var í rekstri gististaða og veitingarekstri, eða um tæp 8 þúsund manns. Fjölgun var næstmest í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, um 5.700 manns, en frá 2008 til 2010 hafði starfsfólki í greininni fækkað um helming, úr 15.000 manns niður í 7.500. Rekstur ferðaskrifstofa og tengd starfsemi var með þriðju mesta fjölgunina og þar á eftir komu flutningar með flugi og smásöluverslun. Þær níu greinar sem voru með mesta fjölgun starfa á þessu tímabili skiluðu um 27.500 nýjum störfum, eða tæplega 70% nýrra starfa í hagkerfinu á þessum tíma.

Fjölgun starfa í ferðapjónustu
2010 - 2018




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Fjöldi starfa í ferðapjónustu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Mesta fjölgun starfa 2010-2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Langmesta fækkun starfa á milli árána 2010 og 2018 var í fjármálaþjónustu (án tryggingarféлага og lífeyrissjóða) en þar fækkaði um 1.100 manns, til viðbótar við fækkun um 1.300 manns á tímabilinu 2008-2010, eða um 2.400 manns frá 2008-2018. Næstmesta fækkunin var í útgáfustarfsemi og í fiskveiðum og fiskeldi. Fækkun starfsfólks í þeim 10 greinum þar sem fækkunin var mest var samtals um 2.800 manns frá 2010 til 2018.


Hvað er framundan?

Tölurnar um ferðaþjónustuna ná einungis fram í mars á þessu ári, en á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 fækkaði um u.þ.b. 630 manns í einkennandi atvinnugreinum ferðaþjónustu þrátt fyrir að WOW air hafi enn verið í rekstri á þeim tíma. Tölur um fjölda starfsfólks í hagkerfinu öllu á fyrsta ársfjórðungi eru ekki enn komnar fram.

Skráð atvinnuleysi skv. tölum Vinnuálastofnunar var að meðaltali 3,1% á fyrsta ársfjórðungi 2019, en var komið upp í 3,6% í maí. Sé litið sérstaklega á Suðurnes þar sem ferðaþjónustan vegur einna þyngst var atvinnuleysið að meðaltali 5,1% fyrstu mánuði ársins, en var komið upp í 6,6% í apríl.


Atvinnuleysi hefur aukist síðustu mánuði, aðallega á Suðurnesjum, þar sem samdráttur í ferðaþjónustu kemur mest fram. Almennt er spáð samdrætti í hagkerfinu á þessu ári, en að sú staða verði ekki langvinn. Þess er því að vænta að sú mikla fjölgun starfa sem við höfum séð á síðustu árum verði mun hægari eða þróunin jafnvel neikvæð á allra næstu misserum.

Mesta fækkun starfa 2010-2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Skráð atvinnuleysi síðustu mánuði



Heimild: Vinnuálastofnun

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.